

Nr. 009 / 16 Nýsmíði 387 (Jorunn B)**Tók niðri við Álftanes**

Skipaskr.nr. T-205-T
Smíðaður: Hafnarfjörður 2016, plast
Stærð: 8,4 bt
Mesta lengd: 9,87 m Skráð lengd:
Breidd: 3,08 m Dýpt:
Vél: FPT N67 309 kW, 2016
Fjöldi skipverja: 1



Jorunn B©Hilmar Snorrason

Gögn:
Lögregluskýrsla
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 29. maí 2017 af Geirprúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 25. febrúar 2016 var Jorunn B (Nýsmíði 387 frá Trefjum í Hafnarfirði) í reynslusiglingu á Faxaflóa. Veður: N 3-5 m/s.

Þegar báturinn var á siglingu við Álftanes sunnan við Garðakirkju skall skyndilega á snjóbylur og varð skyggni lítið. Skipstjórinn reyndi að sigla eftir kennileitum úr landi en við það steytti báturinn á skeri og leki kom að vélarúmi. Dæla hafði undan en óskað var eftir aðstoð og björgunarskipið Fiskaklettur dró bátinn til Hafnarfjarðar.

Við rannsókn kom fram:

- að skipstjórinn taldi sig vera á öruggri siglingaleið þar til að hann sá grunnbrot fyrir framan sig;
- að um borð voru plotter, dýptarmælir og ratsjá. Þau voru öll í gangi. Skipstjórinn kvaðst aðeins hafa notað plotterinn;
- að við strandið skemmdist skrúfan og hælör fyrir stýri. Stýrisstamminn losnaði og kjölur rispaðist;
- að skipstjórinn var mjög vanur á þessu svæði.

Nefndarálit:

Orsök strandsins er aðgæsluleysi við stjórn og siglingu skipsins.

Nefndin telur að koma hefði mátt í veg fyrir strandið ef viðeigandi siglingatæki hefðu verið notuð.